

## Jaðar námsáætlun 2023-2024 Apríl

Námssvið	Leiðir-Viðfangsefni
Heilbrigði og vellíðan	Hreyfing og leikur úti og inni. Íþróttir alla miðvikudaga inni í sal. Gönguferðir að skoða nærumhverfi okkar. Útivera daglega (þegar veður leyfir). Förum í hvíld á hverjum degi sem er nauðsynleg fyrir þroska barna. Þau sem sofa ekki hlusta á sögu eftir mat. Bjóðum upp á smakk í matmálstímanum, æfum okkur í því að nota gaffal, hníf og skeið. Handþvottur eftir wc ferðir og almennt hreinlæti allan daginn.
Sköpun og menning	Æfum okkur að syngja í samveru og nýtum flest tækifæri til þess að söngla. Áhersla á lög tengd vetrinum. Tónlist alla mánudaga inni í sal þar sem er sungið og spilað á hljóðfæri og farið í leiki. Erum byrjuð að æfa okkur fyrir vorhátíð. Æfum fínhreyfingar með því að púsla, lita, perla, pinna, leira eða kubba. Fínhreyfivinna alla fimmtudaga. Listasmiðja - 29 apríl - 3 maí. <b>Þema:</b> Matur og heilbrigði.
Læsi og samskipti	Lesi bækur og skoða myndir. Setja orð á hluti. Æfa okkur í því að vera góð við hvert annað og vera góður vinur. Málörvun alla mánudaga og fimmtudaga. Blær fer með í hvíld. Blæstundir alla miðvikudaga. Könnunarleikur alla þriðjudaga. Lestur alla þriðjudaga og við öll tækifæri sem gefast.
Sjálfbærni og vísindi	Hvetjum börnin til þess að klæða sig sjálf. Bæði í föt og útiföt (ástæðan fyrir því að fötin eru stundum úthverf). Allir sem vilja fá að fara á klósettið að æfa sig.
Annað	2. Apríl - Skipulagsdagur - <b>Leikskólinn lokaður</b> 25. Apríl - Sumardagurinn fyrsti - <b>Leikskólinn lokaður</b> 29. Apríl - Plokkdagurinn mikli 1. maí - Verkalýðsdagurinn - <b>Leikskólinn lokaður</b> 3 maí - Vorhátíð á Jaðri klukkan 14:30
Skilaboð til foreldra: Við hvetjum alla til þess að æfa sig heima að nota hnífapör.	Endilega verið dugleg að setja orð á alla hluti í daglegu lífi með börnunum og verið dugleg að lesa fyrir þau.

Endilega grípa börnin  
þegar þau sýna áhuga á því  
að fara á wc eða setjast á  
kopp.